

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985, með síðari breytingum og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 152 frá 3. mars 1998 og reglugerð nr. 461/1998 um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 152/1998.

Samgönguráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING**um umferð á Seltjarnarnesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda hefur verið ákveðið:

1. Að hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.: Kolbeinsmýri, Eiðismýri, Tjarnarmýri, Grænumýri, Suðurmýri, Skerjabraut, Selbraut, Sólbaut, Sæbraut, Kirkjubraut, Skólabraut, Melabraut milli Bakkavarar og Hæðarbrautar, Nesvegi vestan Suðurstrandar og heimreið að heilsugæslustöð og Valhúsaskóla.
2. Að hámarkshraði á Suðurströnd vestan Nesbala verði 45 km/klst.
3. Að hámarkshraði á Norðurströnd og Suðurströnd verði 60 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. janúar 1999.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ**um greiðslu barnabóta.**

1. gr.

Almennt.

Ríkissjóður skal greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs til framfaranda barnsins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Réttur til barnabóta.

Greiða skal barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981.